

2. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.07 2010, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitartjórnar, oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Kosning skoðunarmanna, löggiltrar endurskoðunarskrifstofu og 1 fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga**
- 3. Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, tilhögun starfa, funda o.fl tengd mál.**
- 4. Bréf**
 - a) Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands dags. 18.06
 - b) Umhverfisstofnun dags. 18.06
 - c) Bergljót Þórarinsdóttir og Gunnar Jónsson dags. 20.06
 - d) Capacent dags. 14.06
 - e) Velferðarvaktin dags. 08.06
 - f) Umhverfissráðuneytið dags. 11.06
 - g) Umhverfissráðuneytið dags. 18.06
- 5. Fjarbeiðnir**
 - a) Félag ungra bænda dags. 14.06
 - b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs dags. 10.06
- 6. Fundargerðir**
 - a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 08.06
 - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 24.06
- 7. Skráning fornleifa á Urðarseli í Fljótsdal**
- 8. Lagning jarðstrengja í Suðurdal í samstarfi við Rarik**
- 9. Önnur mál.**

1. Skýrsla oddvita

Stjórn SSA fundaði í Fljótsdal 17. maí . Oddviti og varaoddviti snæddu hádegisverð með stjórninni á Skriðuklaustri.

Skriðað var undir samning um byggingu Laugarfellsskóla við Timburmenn ehf 8. júní.

Oddviti sat fræðslufund sem endurskoðendafyrirtækið Deloitte hélt á Egilsstöðum 14. júní.

Gengið hefur verið frá endurnýjun þjónustusamnings við Gunnarsstofnun.

Stýrihópur SSA um verkefnaflutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga fundaði á Egilsstöðum 23. júní. Fyrirsjáanlegar eru mannabreytingar á stýrihópnum þar hluti nefndarmanna eru að flytja af svæðinu eða snúa sér að öðrum störfum, en áfram verður unnið að verkefninu.

Einar Andrésson, Bessastöðum, hefur verið ráðinn húsvörður Végarðs. Einnig hefur verið gengið frá samingi við Fljótsdalsgrund ehf um aðgang að félagsheimilinu fyrir morgunverðaraðstöðu.

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri var opnuð 24. júní og var sveitarstjórn boðið að vera viðstödd opnun. Gestastofan hefur hlotið nafnið Snæfellsstofa.

Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs hefur gengið frá húsaleigusamningi við Gráa hundinn ehf, um leigu á heimarvistarherbergjum Hallormsstaðaskóla. Samingurinn er til ársins 2014, en uppsejjanlegur á tímabilinu.

Aðeins eitt tilboð barst í endurbyggingu snyrtinga í Hallormsstaðaskóla. Tilboðið var nálægt kostnaðaráætlun og lagði fasteignafulltrúi til að gengið yrði til samninga við tilboðsgjafa.

Bílaplan við grunnskólann var malbikað í júní.

Vinnueftirlitið boðar hertar aðgerðir með eftirliti í byggingar-og mannvirkjagerð.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur óskað eftir við Umhverfissráðuneytið að það láti birta endurskoðaða samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði HAUST. Aðeins 5 af 9 sveitarfélögunum á starfssvæðinu hafa staðfest endurskoðaða samþykkt. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti fyrir hönd sveitarfélagsins endurskoðaða samþykkt 01.07 2008. Þegar ráðuneytið hefur staðfest endurskoðaða samþykkt og birt hana fellur fyrri samþykkt úr gildi.

Gefið hefur verið út stöðuleyfi fyrir fjarskipamannvirkjum á Grjótárhjúk, auk Neyðarlínunnar ætla Vodafone og Síminn að vera þar með fjarskipti. Í viðræðum við framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar(Þórhall Ólafsson) hefur komið fram að öðrum fjarskiptaaðilum er frjálst að vera í mastri Neyðarlínunnar á Miðfelli.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sent öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum bréf, þar sem nefndin kynnir hlutverk sitt.

5 ungmenni úr hópi LV eru tilbúin til starfa við lagfæringu á göngustíg að Hengifossi vikuna 19-23. júlí. Fljótsdalshreppur þarf að hafa verkstjóra með hópnum og leggja til efni, vélar og annað sem til þarf.

Fasteignaskrá Íslands hefur birt upplýsingar um fasteignamat 2011. Fasteignamat í Fljótsdalshreppi hækkar um nálægt 3,5%, en heildarfasteignamat á landinu öllu lækkar um 8,6 %.

Auglýsa þurfti að nýju deiliskipulagstillögu fyrir frístundabyggð í Víðivallaskógi, þar sem Skipulagsstofnun fór fram á að auglýsingin og auglýsing á breytingu á aðalskipulagi sem gerð er vegna deiliskiplagstillögunnar væru auglýstar samhliða. Athugasemdafrestur vegna breytingu á aðalskipulaginu er styttri en vegna deiliskiplagsins.

2. Kosning skoðunarmanna, löggiltrar endurskoðunarskrifstofu og 1 fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Aðalskoðunarmenn reikninga Bergljót Þórarinsdóttir og Sigmar Ingason, varaskoðunarmenn Eyjólfur Ingvason og Anna Ragnarsdóttir. Fulltrúi í stjórn Héraðsskjalasafns verður Sigmar Ingason og varamaður Sólveig Ólafsdóttir. Löggilt endurskoðunarskrifstofa verður Deloitte.

3. Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, tilhögun starfa, funda o.fl tengd mál.

Frestað ákvörðun um ráðningu starfsmanns á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ákveðið að halda óbreyttum fundartíma sveitarstjórnar, þ.e. fyrsta þriðjudag hvers mánaðar . Ákveðið var eftir ábendingu endurskoðanda að sveitarstjórnarmenn skipti með sér verkum um áritun reikninga sem berast sveitarfélaginu, en fram til þessa hefur oddviti séð bæði um greiðslu og áritun reikninga.

Samþykkt var að fara eftir stafrófsröð og menn skipti með sér mánuðum, Anna Jóna skrifar upp á reikninga í júlí og svo koll af kolli.

Óbreytt fyrirkomulag verður með fundarritun.

Gunnþórunn vék af fundi við umræðu um framkvæmdastjórn.

Samþykkt að fela varaoddvita að gera drög að samningi við oddvita um áframhaldandi framkvæmdarstjórn. Samningurinn gildi frá 1. júlí 2010. Samþykkt að varaoddviti leysi oddvita af í fríum og gerður verði samningur þess efnis við varaoddvita. Drögin að samningum verði lögð fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

4. Bréf

- a. Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands dags. 18.06. Varðar breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis vegna Kröflulínu 3 í Skútustaðahreppi og Fljótsdalshéraði. Kynnt.
- b. Umhverfisstofnun dags. 18.06. Upplýsingar um viðmiðurnartaxta vegna refa og minkaveiða fyrir árið 2010. Kynnt. Umræða varð um samninga við veiðimenn og oddvita falið að fara yfir þá .
- c. Bergljót Þórarinsdóttir og Gunnar Jónsson dags. 20.06. Ósk um að skipt verði um efni í bílaplani og það lagt með bundnu slitlagi um leið og framkvæmdir verða á Múlavegi í sumar. Samþykkt að taka þetta inn í samning við Vegagerðina.
- d. Capacent dags. 14.06. Þjóða úttekt á fjármálum sveitarfélaga í tengslum við sveitarstjórnarkosningar. Kynnt.
- e. Velferðarvaktin dags. 08.06. Því er beint til sveitarfélaga að verða ungmennum út um vinnu í sumar. Kynnt.
- f. Umhverfissráðuneytið dags. 11.06. Varðar skilgreiningu á vegum innan miðhálandislínunnar og aðgerðaáætlun umhverfissráðherra gegn utanvegaakstri.. Kynnt.
- g. Umhverfissráðuneytið dags. 18.06. Varðar breytingu á aðalskipulagi og deiliskpulagi vegna frístundabyggðar í Víðivallaskógi. Kynnt.

Oddviti óskaði eftir að fá að taka á dagskrá erindi Sýslumannsins á Seyðisfirði, sem barst eftir að dagskrá var send út. Það var samþykkt.

- h. Sýslumaðurinn Seyðisfirði 25. júní. Ósk um umsögn um nýtt rekstarleyfi fyrir veitingastað í flokki I Snæfellstofa-Gestastofa Skriðuklaustri. Sveitarstjórn staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.

5. Fjárbeiðnir

- a. Félag ungra bænda dags. 14.06. Ósk um fjárstyrk. Samþykkt að styrkja félagið um kr. 50.000-
- b. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs dags. 10.06. Óskað er eftir kr. 30.000- í styrk til kaupa á verðlaunum í perluleik á Ormsteiti. Samþykkt. Oddvita falið að koma því á framfæri að æskilegt sé að fá styrkbeiðnir af þessum toga áður en verkefni fara af stað, svo sveitarfélagsins sé getið sem styrktaraðila.

6. Fundargerðir

- a. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 08.06. Kynnt.
- b. Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 24.06. Helga Magna Steinsson hefur verið veitt leyfi frá störfum til eins árs og í afleysingu hennar hefur verið ráðin Íris Dórótea Randversdóttir, sem hætt hefur við að taka námsleyfi.

7. Skráning fornleifa á Urðarseli í Fljótsdal. Skriðuklaustursrannsóknir hafa lokið skráningu fornleifa á Urðarseli og afhent sveitarfélaginu skýrslu um verkefnið.

8. Lagning jarðstrengja í Suðurdal í samstarfi við Rarik. Samþykkt að leggja ljósleiðara í Suðurdal og 3ja fasa jarðstreng í samstarfi við Rarik. Lagt er til við Rarik að samið verði við verktakann sem vann við sambærilegar framkvæmdir á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir einnig greiðslu flýttigjalds til RARIK vegna endunýjunar á línukerfinu. Fjármagn verði tekið af óráðstöfuðu eigin fjár, rúmist framkvæmdin ekki innan fjárhagsáætlunar.

10. Önnur mál.

- a) Fljótsdalshérað leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum fyrir skólanefnd Hallormsstaðaskóla:
Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, ræður skólastjóra Hallormsstaðaskóla og veitir honum lausn frá störfum í samráði við skólanefnd Hallormsstaðaskóla.
Lagt er til að í staðinn fyrir “í samráði við skólanefnd” verði “að tillögu skólanefndar”. Að öðru leyti samþykkir sveitarstjórn breytinguna fyrir sitt leyti.
- b) Verkís tók að sér að gera afstöðumynd af staðsetningu skála í Fjallaskarði. Hraða þarf málinu svo hægt sé að klára verkið í sumar.
- c) Samþykkt að láta breyta teikningum á skála í Laugarfelli þannig að gerð verði 8 herbergi þar sem átti að vera opið gistirými. Oddvita falið að óska

- eftir samþykki Slökkvistjóra á breytingunni. Samþykkt að gluggar og hurðir verði úr viðhaldsfríu efni þ.e. hurðir úr áli og gluggar klæddir áli. Ylur hefur lokið við að steypa plötu undir húsið og Timburmenn eru að hefja framkvæmdir. Áformum um staðsteypt votrymi var breytt yfir í forsteyptar einingar. Fyrsti verkfundur hefur verið ákveðinn 14. júlí.
- d) Vegagerð hefur boðið út endurbætur á 5,6 km kafla á Múlavegi frá Langhúsum að Glúmsstöðum II.
 - e) Endurbyggingu Fellsárbrúar er lokið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.36

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)